

L Ö G

um breyting á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „kostnaður af affermingu“ í 1. tölul. 216. gr. laganna komi: kostnaður af hafnsögu.

Á eftir 2. mgr. 5. tölul. 216. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu eiga sjóveðrétt kröfur, sem skipstjóri stofnar til á árunum 1968 og 1969 vegna kaupa á nauðsynjum skipsins eða viðgerðarþjónustu, til að tryggja áframhald veiðiferðar á fiskimiðum í 300 sjómílna fjarlægð frá Íslandi eða meira.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Kennarar við stofnanir, sem láta í té kennslu samkvæmt fræðslukerfi ríkisins og með þeim hætti, sem menntamálaráðherra samþykkir, geta orðið sjóðfélagar, enda taki stofnanir þær, er hlut eiga að máli, á sig allar skuldbindingar launagreiðanda samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.